


Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN	VGRV1RS05 – Tengingar og frágangur.	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		

5. Tengingar og frágangur.

Þegar við förum að raða í framhliðina þarf framhliðin að vera klár. Hana fáir þig með gati fyrir mælinn en hin götin þarf að bora í réttum stærðum fyrir tengi, viðnám og díóðu.

Mælirinn tengdur.

Vírarnir sem fylgja með mælinum eru bara með tengi á öðrum endanum og því þarf að setja svokallað „DuPont“ tengi á hina endana.

Byrjið á að styttu alla vírana hæfilega (10-15cm) og þeir eru allir eins. Afeinangrið ca. 2mm (ekki skemma vírinn) snúið upp á afeinangraða endann.



Skórnir hafa króka sem halda við einangrunina og tengiklemmu fyrir leiðaran sjálfan.


Klemmið svo skóinn með þar til gerðri skótöng.

Með æfingunni komist þið fljótlega uppá lag með að sleppa því að klemma krókana fyrst, nóg er að halda skónum á réttum stað með klemmutönginni og stinga afeinangraða endanum mátulega langt inn í skóinn.

Gott getur verið að klemma fyrst í næstminnsta gatinu, það er betra að koma vírnum í þar. Færa tengið svo í minnsta gatið og klemma aftur. Það er nauðsynlegt svo gott sé að koma því í plashúsið.

Setjið skóna svo í 4-gata "DuPont"-plashús, raðið litunum rétt, í sömu röð og í mælinum passið líka að snúa sjálfum skónum rétt í plastinu, svo þeir festist í húsinu.



Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN	VGRV1RS05 – Tengingar og frágangur.	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		

Stilliviðnámið tengt.

Stilliviðnámið tengist í AK130 tengið undir skrúfur merktar P1a, P1b og P1c.

Vírarnir eiga að vera 10-15 cm langir og það er passlegt að afeinangra c.a. 5 mm af vírunum sem fara í tengið. Það má setja endahulsur á endana en þess gerist ekki þörf þar sem þeir fara ekki beint undir skrúfu.

- P1a – Hvítur
- P1b – Fjólublár
- P1c – Brúnn




LED tengd.

LED tengist í AK130 tengið undir skrúfur merktar H1- og V++.

Vírarnir eiga að vera 10-15 cm langir og það er passlegt að afeinangra c.a. 5 mm af vírunum sem fara í tengið. Það má setja endahulsur á endana en þess gerist ekki þörf þar sem þeir fara ekki beint undir skrúfu.

- H1- - Svartur
- V++ - Rauður



Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN	VGRV1RS05 – Tengingar og frágangur.	
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		

GX-16-5 tengt.

Gul/Græni vírinn tengist svo við jarðtengiskrúfuna í botni kassans með skó með 3,7mm gati eins Gx-16 tengist í AK130 tengið undir skrúfur merktar HR+, HR-, TS- og TS+.



Vírarnir eiga að vera c.a. 15 cm langir, það veitir ekki af því og það er passlegt að afeinangra c.a. 5 mm af vírunum sem fara í tengið. Það má setja endahulsur á endana en þess gerist ekki þörf þar sem þeir fara ekki beint undir skrúfu.

HR+ - Grár

HR- - Hvítur

TS- - Fjólublár

TS+ - Appelsínugulur

og jörðin úr snúrunni. Hann á að vera aðeins lengri en hinir eins og áður hefur komið fram.

24Volt DC frá spennugjafa.

24 voltin tengjast í AK130 tengið undir skrúfur merktar -24 og +24 .

Vírarnir eiga að vera 0,75mm² 20 cm langir, það veitir ekki af því og það er passlegt að afeinangra c.a. 5 mm af vírunum sem fara í tengið. Það má setja endahulsur á endana en þess gerist ekki þörf þar sem þeir fara ekki beint undir skrúfu.

-24 - Svartur

+24 - Rauður

Nr.: GAT-044
Útgáfa: 03
Dags.: 12.04.2016
Höfundur: BEN
Samþykkt: SHJ
Síða 4 af 4

Verkmenntaskólinn á Akureyri



VGRV1RS05 – Tengingar og frágangur.

